

SKÓGARKERFILL Á HVAMMSTANGA

Samantekt um stöðu sumarið 2017

Náttúrustofa Norðurlands vestra

Júní 2018

Bjarni Jónsson
Hjalti Þórðarson

KERFILL Á HVAMMSTANGA

Skógarkerfill

Skógarkerfill er af sveipjurtaætt og því skyldur hvönnum og kúmeni. Hann er hávaxinn og getur orðið 1–2 m á hæð, breiðblaða með svera og langa stólparót. Hann fjölgar sér bæði með fræi og frá brumum efst á rót og geta kynlaus æxlun og kynæxlun því átt sér stað samtímis. Fræmyndun er mikil (800–10.000 fræ á plöntu). Lífslengd skógarkerfils er breytileg (einær-tvíær-fjölær) eftir aðstæðum en venjulega deyr plantan að lokinni blómgun. Hann þrífst best í frjósömum og rökum jarðvegi og vegna hæðar sinnar og þéttrar laufþekju þrífast lágvaxnari tegundir illa þar sem hann hefur náð sér á strik. Ljóst er að kerfillinn getur viðhaldið sér lengi í landi þar sem hann hefur náð fótfestu. Þrátt fyrir að hann þrífist best í frjósömu og röku landslagi er ljóst að hann þrífst líka vel í ófrjósömu og þurru landslagi eins og í vegköntum.

Skógarkerfill vex villtur víða í Evrópu og Asíu en hann hefur verið fluttur langt út fyrir heimkynni sín til ræktunar í görðum. Skógarkerfill barst til Íslands sem skrautjurt í garða upp úr 1920 og í dag er útbreiðsla hans mest á Norður- og Vesturlandi. Þar sem skógarkerfill nemur land veldur hann mikilli breytingu á gróðurfari og fækkun á tegundum. Sömuleiðis hefur hann áhrif á dýralíf og vistkerfi. Hann hefur víða lagt undir sig stór svæði í vegköntum, lækjargiljum, skurðruðningum, skjólbeltum og á túnum þar sem ekki er slegið eða hirt. Helstu skýringar á aukinni útbreiðslu þessarar ágengu tegundar eru, flutningur fræja með tækjum og fólki á milli svæða, trúlegast minnkandi beit og hlýnandi veðurfar.

Útbreiðsla á Hvammstanga

Samkvæmt útbreiðslukorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir gagnasöfnun frá 2009 er sýndur Skógarkerfill á Hvammstanga. Ekki er vitað hvenær hans verður fyrst vart en sennilega hefur hann þó verið kominn vel á kreik fyrir þann tíma. Til að skoða útbreiðsluna voru farnar ferðir á Hvammstanga sumarið 2017 og staðurinn skoðaður og merkt gróflega inn á kort eins og hægt var þar sem kerfillinn er mest áberandi. Stór hluti vorsins 2017 var gott fyrir allan gróður og ekki er vafi að það hefur aukið enn á sprettu skógarkerfils. Greinilegt er að mikill metnaður er hjá bæði bæjaryfirvöldum og íbúum að halda bænum snyrtilegum eftir fremsta megni. Liður í því er að halda skógarkerfli niðri eins og hægt er.

Vart varð við mismikla dreifingu kerfils á mörgum stöðum vítt og breitt um þorpið og líka ofan við það. Víða er lúpína og eða njóli í bland og mynda þessar tegundir jafnvel stórar breiður. Á nokkrum stöðum meðfram sjávarströndinni er stórar breiður eins og t.a.m. neðan og norðan við ullarvöruhúsið og Björgunarsveitarhúsið við Höfðabraut. Hrossum hefur verið beitt við ullarvöruhúsið og hafa þau náð að halda kerflinum nokkuð niðri en þó alls ekki til að útrýma plöntunum. Við flokkunarstöðina eru sömuleiðis plöntur sem vaxa nánast inn á steipt planið. Þar rétt sunnan við eru plöntur beggja vegna Höfðabrautar. Einnig utar á sjávarbakkanum t.d. norðan og neðan við heilsugæsluna sitthvoru megin við Nestún og utar á bakka neðan við Grundartún. Eins eru plöntur fram með Syðri-Hvammsá við Strandgötu. Þar hefur verið slegið til að halda plöntum í skefjun. Þær koma þó alltaf aftur. Hjá steypustöðinni við Norðurbraut eru plöntur aðallega í efri hluta lóðarinnar og stefna sennilega á aukna útbreiðslu innan þeirrar lóðar. Ofan við þorpið er víða mikil útbreiðsla kerfils auk lúpínu og mynda á nokkrum stöðum þéttar breiður. Sunnantil við garðaúrgangaförgunarsvæði virðist plantan vera á góðri leið með að leggja undir sig enn stærra svæði en orðið er. Sennilega er ástæðan að einhverju leiti sú að plöntur hafa farið með garðúrgangi úr þorpinu og svona öflug planta festir rætur á mjög skömmum tíma í hálfopnu landi í malarkrúsunum. Beggja vegna Syðri-Hvammsár í brekkunni rétt ofan byggðar sjást plöntur á víð og dreif. Stórir flákar af kerfli og lúpínu eru fram með Kirkjuhvammsvegi upp undir skeiðvöll. Í brekkunni ber reyndar mest á lúpínu sem nær yfir stórt svæði og þekur hana á stórum köflum. Utar virðist dreifingin vera minni á kerfli en þó eru töluverðir blettir beggja vegna Ytri-Hvammsár og ofan hesthúsavegar nánast inn á milli húsa í hesthúsahverfi. Ljóst er á þessarri upptalningu að kerfillinn er nánast á víð og dreif um allt þéttbýlið og mun víðar en sýnt er á kortinu.



Þakin brekkan utan og neðan við Björgunarsveitarhúsið



Hér er búið að slá og hreinsa kerfilinn við Syðri-Hvammsá



Hrossum beitt á öflugar plöntur við Grundartún



Lúpínubreiða fram með Kirkjuhvammsvegi. Kerfillinn víða innanum þetta lúpínuna.



Rannsóknir á skógarkerfli í Eyjafjarðarsveit

Landeigendur í Eyjafjarðarsveit telja sig margir hverjir verða fyrir tjóni af völdum þessarar ágengu tegundar og sveitafélagið hefur lagt í umtalsverða vinnu og peninga bæði í eyðingu á plöntunni og að hefta útbreiðslu hennar.

Sumarið 2011 var ákveðið að leggja út reiti víðsvegar um sveitarfélagið og vakta þá yfir sumartímann með það að markmiði að skoða gróðurframvindu á kerfilssvæðum eftir úðun. Niðurstöður þessarar tilraunar sýndu að endurtekin úðun (3-4x) með gjöreyðingarlyfi skilar árangri. Skógarkerfill hopar á þannig svæðum og inn koma frumframvindutegundir sem einkenna röskuð svæði, svo sem njóli, túnfífill, gras og þvíumlíkt. Hins vegar er alveg ljóst að á svæðum þar sem miklar breiður eru af kerfli og hann hefur náð að fella fræ í mörg ár, er baráttan erfið. Úðun í 1-2 skipti skilar árangri en kerfillinn hverfur ekki og því myndi sækja fljótt í sama horf ef úðun er ekki endurtekin.

Sumarið 2011 var einnig framkvæmd úðunartilraun með það að markmiði að skoða hvort hægt væri að nota sérhæfð tvíkímblöðungavarnarlyf í staðinn fyrir að nota gjöreyðingarlyf sem drepur allan gróður. Tilgangur þeirrar tilraunar var að skoða hvort hægt væri að hlífa einkímblöðungagróðri s.s. grasi, þannig að eftir úðun ætti grasið auðveldara uppdráttar. Niðurstöður þeirrar tilraunar sýndu hins vegar að valkvæð tvíkímblöðunga varnarlyf duga ekki til að drepa skógarkerfilinn og því er nauðsynlegt að nota áfram gjöreyðingarlyf.

Niðurstöður

Baráttan við skógarkerfil í vegköntum í Eyjafjarðarsveit er á réttri leið og talsvert hefur áunnist. Það er alveg ljóst að fylgja þarf verkinu áfram eigi sigur að vinnast. Ef hætt yrði núna myndi sækja í sama horf og mikið af verkinu væri þá unnið fyrir gíg. Ljóst er að endurtekin úðun í vegkanta skilar árangri en slík framkvæmd er bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Þá er mikilvægt að skoða hverjir bera ábyrgð á vegköntum og hvort einhverjar aðrar leiðir henti betur til útrýmingar. Eins þarf að hafa í huga að úðun með gjöreyðingarlyfi er neyðarúrræði og getur haft umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Þá þyrfti Vegagerðin að skoða það hvernig gengið er frá opnum vegsárum með það í huga að minnka líkurnar á því að skógarkerfill nemi þar land. Eyjafjarðarsveit hefur lagt sig fram við að auka rannsóknabátt verksins með það

í huga að fá meiri upplýsingar um vistfræði og eyðingu skógarkerfils – enda eru slíkar upplýsingar mjög takmarkaðar hérlandis.

Samantekt á aðgerðum til að sporna gegn útbreiðslu m.a frá N.Í. og L.r.

Beit: Snemma sumars getur beit dregið úr útbreiðslu skógarkerfils þar sem hann er að nema land en nýsprottin laufblöð eru lostætari en eldri blöð. Hins vegar er óvíst hvort beit hefði mikið að segja í fullvaxinni þéttri breiðu. Stærri skeppnur geta einnig traðkað hann eitthvað niður. Búfé bítur skógarkerfil en hér á landi hafa þó ekki verið gerðar beinar athuganir á áhrifum beitar. Þó má benda á að skógarkerfill breiðist lítið eða ekki út í landi þar sem sauðfé gengur til beitar. Viðhald beitar getur því hindrað útbreiðslu skógarkerfils eins og lúpínu. Nauðsynlegt er að girða af svæði til að stýra beitinni.

Kostir: Mjög umhverfisvæn leið. Engin eiturefni eru notuð.

Ókostir: Erfitt að stjórna því hvað skepnur bíta og hefur beit því einnig áhrif á annan gróður. Áhrif beitar hafa ekki verið vel rannsökuð.

Sláttur: Í Evrópu er misjöfn reynsla af slætti og miklu máli skiptir hvenær slegið er og hversu oft. Þótt komið sé í veg fyrir fræmyndun getur skógarkerfill sprottið upp af rótarskotum. Þar sem skógarkerfill er að nema land má reyna að slíta eða stinga smáplöntur upp áður en þær ná að mynda fræ og fara að dreifa sér að marki. Í Eyjafirði hafa verið gerðar tilraunir með slátt á skógarkerfli en hann þótti gefa takmarkaðan árangur. Ef kerfillinn er sleginn einu sinni getur hann þétt sig vegna þess að upp af rótinni vaxa nýjar plöntur með hliðarvexti.

Stinga upp kerfilsplöntur: Þar sem skógarkerfill er að nema land má reyna að slíta eða stinga smáplöntur upp áður en þær ná að mynda fræ og fara að dreifa sér að marki. Þar sem kerfill hefur sótt í hólma í Mývatni, hefur t.d gefist vel að stinga hann upp, enda hefur hann þar ekki náð þeirri fótfestu að það sé ekki viðráðanlegt að beita þeirri aðferð.

Úðun með illgresiseitri: Úðun með glyphosate hefur gefið allgóða raun og er líklega auðveldasti og ódýrasti kosturinn við að eyða skógarkerfli. Sökum stærðar fullvaxins skógarkerfils er auðveldast að fara um kerfilsbreiður til að úða snemma að sumri áður en

plöntur blómstra og ná fullri hæð. Nauðsynlegt er að eitra a.m.k. tvö ár í röð þar sem fræforði er að öllum líkindum talsverður. Með því að koma í veg fyrir blómgun og þar með fræmyndun í nokkur ár dregur mikið úr nýliðun þar sem fræ skógarkerfils eru frekar skammlíf. Bestur árangur næst ef eitrið drepur rótina.

Kostir: Mikil afköst á véltæku landi. Úðun með glyphosate á réttum tíma drepur nánast allar fullorðnar plöntur sé rétt á málum haldið. Glyphosate hefur engin áhrif á dýralíf og lítil sem engin áhrif á jarðvegslíf.

Ókostir: Neikvæð áhrif illgresiseyðis á annan gróður en kerfilinn og jafnvel dýralíf, verða alltaf einhver, en þar sem nær enginn gróður þrífst í þéttum kerfilsbreiðum er þetta ekki raunverulegt vandamál. Úðun með Illgresiseyði er ekki sérlega umhverfisvæn leið, en fer mjög eftir hliðaráhrifum og líftíma þeirra efna sem notuð eru. Vegna aukaþlöndunarefna í glyphosate, sem talin eru hættuleg, hefur verið hætt innflutningi þeirrar blöndu sem notuð hefur verið. Við taka efni með annarri samsetningu aukaefna með glyphosate.

Valkostir við upprætingu skógarkerfils

Val á leiðum og kostnaður við að uppræta skógarkerfil ræðst fyrst og fremst af því hversu greiðfært landið er og hversu auðvelt er að komast að því.

- Úðun með eitri úr stórvirkum vinnuvélum hentar best í þéttum breiðum.
- Beit hentar þar sem skógarkerfill er að nema land.
- Þar sem eru stakar kerfilsplöntur eða hann lítt útbreiddur getur gengið að stinga upp plöntur. Þar sem það er hægt, er það einna árangursríkasta aðferðin.
- Þar sem aðgengi er slæmt og land er torfært hentar handvirk eitrun.

Úðun með eitri er langhagkvæmasta leiðin til eyðingar á skógarkerfli og má mæla með þeirri aðferð þar sem öðru lífríki stafar takmörkuð hætta af slíku. Hún er þó engin allsherjarlausn heldur ein af mögulegum leiðum. Sjálfsagt er að nota aðrar aðferðir samhliða til að hefta útbreiðslu skógarkerfils. Við val á aðgerðum þarf að taka tillit til aðstæðna, svo sem annars gróðurs á svæðinu, umhverfissjónarmiða og viðhorfs almennings.

Ábendingar varðandi notkun á eitri

Bent hefur verið á að illgresiseitrið glyphosate er nefnt sem helsti valkostur til að ráða við skógarkerfil. En þar sem skógarkerfill er oft vandamál í túnum, þar sem menn vilja gjarnan hafa gras, hlýtur 2,4-D (sem ekki drepur gras) að vera mun betri kostur. Þá hefði mátt nefna beit stórgripa sem leið til að ráða við kerfil, en þar er það ekki síður traðk þeirra sem bælar kerfilinn og gefur öðrum gróðri tækifæri.

Heimildir

Brynhildur Bjarnadóttir sérfræðingur og formaður Umhverfisnefndar Eyjafjarðarsveitar, 2014: Lokaskýrsla vegna Rannsóknastyrks árið 2013. - Eyðing skógarkerfils með vegum -

Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðsla ríkisins, apríl 2010: Alaskalúpína og skógarkerfill á Íslandi. Útbreiðsla, varnir og nýting. Skýrsla til umhverfisráðherra

Þröstur Eysteinnsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Jón Loftsson og Brynjólfur Jónsson, 2010: Athugasemdir til umhverfisráðherra um skýrsluna „Alaskalúpína og skógarkerfill á Íslandi: Útbreiðsla, varnir og nýting”

<http://vistgerdakort.ni.is/> Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðir á Íslandi